

## Þekktur listamaður opnar vinnustofu við Laugaveg.

**Wilhelm Beckmann**  
myndhöggvari og  
myndskeri.



Wilhelm E. Beckmann

**NÝLEGA** hefur Wilhelm Ernst Beckmann myndhöggvari opnað vinnustofu á Laugaveg 100 hér í bæ og vinnur hann þar að margskonar tréskurði og myndhöggvaralist.

Beckmann er þýzkur að ætt, en hefir dvalizt hér á landi í 11 ár og um 9 ára skeið hefur hann unnið á vinnustofu Rikharðs Jónssonar, en hefur nú fyrir skömmu stofnað sína eigin vinnustofu eins og áður segir.

Beckmann nam myndskurð og höggmyndalist við Kunstgewerbeschule í Hamborg og hafði á tímabili vinnustofu þar í borginni og vann að list sinni. Seldi hann nokkur verk til Þýzkra safna m. a. til „Hamburger Museum für Kunst und Gewerbe“.

Á þessum árum kenndi hann einnig við myndhöggvara- og steinmyndaskóla sem starfræktur var af Þýzka ríkinu, en þegar Hitler komst til valda var stofnun þessi lögð niður.

Varð Beckmann að flýja land vegna pólitískra skoðana sinna Bróðir hans, sem var hagfræðingur, var þá tekinn til fanga af Hitlersstjórninni og þorði Beckmann ekki að hafast lengur við í Þýzka landi en fór til Kaupmannahafnar og var þar í eitt ár, en eftir það fór hann til Íslands, 1935, og hefur verið hér síðan.

Kann hann mjög vel við sig hér á landi, enda er hann kvæmtur íslenzkri konu og á hér gott heimili.

Síðan Beckmann opnaði vinnustofu sína á Laugaveg 100 hefur hann aðallega unnið að tréskurði og húsgögnum til ýmsa listmuni til tækifæringsjafa, einnig vinnur hann í gripum að-útskurði á húsgögnum og fleiru.

Myndhöggvaralistinni hyggst Beckmann þó einnig að helga sig jafnframt tréskurðinum og er hann nú um þessar mundir að vinna að mynd af Jóni heitnum Baldvinsyni, og mun hann hafa í hyggju að gefa alþingi þá mynd.

## Æskulýðsfélögin

Frh. af 5. síðu.

fyrir íslenska æsku að fagna þessu og leggja fram sinn skerf til þess, að mót þetta má tilgangi sínum. Og hið fyrirhugaða norræna æskulýðsmót mætti sannarlega verða henni hvót þess að efla samvinnu og glæða samhug sín í millum.

## Hinumegin við landamærin.

ÞAD er eftirtektarvert, að öll aðalblöð kommúnista á Norðurlöndum og jafnvel víðar um heim skiftu um stjórnmálariðstjóra núna eftir áramótin. Þeir, menn, sem stjórnað höfðu linunni meðan Rússar áttu í styrjöldinni við hlið Breta og Bandaríkjamanna og vinsamleg samvinna var milli þessara þjóða, hafa orðið að vikja, en við hafa verið látnir taka hatrömmustu og blindustu trúmenn flokkanna á Moskvavaldið. Þetta gerist á sama tíma sem á-gengni Rússa gegn nágrannaríkjum þeirra fer í vöxt og deilir harðna milli þeirra og engilsaxnesku þjóðanna.

Ritstjóraskipti voru og lätin fara fram við aðalmálgagn kommúnista hér og við var lätin taka Kristinn E. Andrésen, sérstakur trúnaðarmaður alþjóðasambands kommúnista, maðurinn, sem í stríðinu var í Moskva og kom þaðan með fyrirmælin. Áhrifin eru líka komin í ljós. Í hverju einasta blaði er meirihluti efnisins áróður fyrir Rússa, birtar greinar, sem sendar eru blaðinu beint eða eftir krókaleiðum eða skeyti, sem skrifuð eru upp úr Moskvautvarpinu, en það hefur sérstakar útsendingar fyrir deildir sínar og fimmtu herdeidir, og eru skeytin lesin afarhægt í útvarpið, svo að hægt sé að skrifa þau upp. Hafa mörg þessara skeyta þegar verið birt í Þjóðviljanum. Um langan tíma hafa þessi skeyti verið aðalgreinin á fremstu síðu hans.

Það er bersýnilegt, að Þjóðviljinn er ekki gefinn út fyrir íslenzkan verkalýð, heldur fyrst og fremst til framdráttar yfir-drottunarstefnu Rússa.

## Þegar þjófur hrópar: Grípið þjófinn!

Það er brotlegt í aðra röndina, að lesa Þjóðviljann dags daglega og sjá upphrópanir þessa blaðs um sjálfstæðismál Íslands. Öllum er ljóst, að áróður blaðsins út af sambúð okkar við Bandaríkjamenn er að eins sprottinn af því, að hann passar í kram þeirra fyrirskipana, sem innsta klíka flokksins hefur fengið úr annari átt. Þetta fólk, sem enga skoðun hefur, hvorki á sjálfstæðismálum Íslands eða öðrum málum okkar, sýrir upp um sölu landsins og þjónkun íslenzkra manna við erlend ríki. Þeir þykjast vera hinar einu og sönnu sjálfstæðishetjur. Sem betur fer sér þjóðin í gegn um hræðina.

## Hatrammari-tónn.

Eftir kosningarnar sagði kunnur kommúnisti: „Við töpuðum vagn þess, að við vorum ekki nógu harðvítugir í kosningabaráttunni og hikandi í afstöðunni til Sovétríkjanna. Það var Sigfús Sigurhiartarson, sem réði þessu — og Einar Olgeirsson hefur aldrei verið mikill bógur.“

Sigfús og Einar hafa nú verið reknir og Kristinn Andrésen hefur tekið við. Það er kominn hatrammari-tónn í Þjóðviljann og blaðið mun sína stefnubreytinguna enn glegggra, þegar nær líður kosningum. Hvað gert verður við Kristinn eftir kosningarnar og hrun flokksins þá, skal ósagt látið. En meðan Moskva ræður, mun Kristinn halda áfram að vera ritstjóri, því að það er innsti kjarni skoðana kommúnista, að betra sé að hafa lítinn, samtrúaðan og heilsteyptan flokk, en stóran og hikandi í hinu einu og sönnu trú. Þessir menn hafa þá bjargföstu skoðun, að það sé einiskis-

virði að ráða yfir stórum flokki fyrir íslenzkan verkalýð, ef hann er ekki þægur þjónn fyrir „föður“ Stalin og einræðisstjórn hans.

## Íslenzkur verkalýður á að vera verkfæri.

Kommúnistar hömuðust út af húsnæðismálunum við síðustu bæjarstjórnarkosningar og byggðu fyrir hina húsnæðislausu skyjaborgi sínar. Síðan hafa þeir þagað. Hvers vegna? Er áhuginn búinn? Hverjir teifa húsnæðisfrumvarp félagsmálaráðherra í alþingi? — Kommúnistar eru loddara. Þeir hafa ekkert gert, þó að þeir hafi 10 þingmenn, annað en að hreiðra um sig í feittum stöðum. Í því fylgja þeir líka erlendum fyrirmælum, það á að vera aðalat-riðið að komast í sem flestar stöður í hinu „kapitaliska“ þjóðfélagi Íslendinga, til þess að geta unnið þar fyrir herra sína og húsbændur. Íslenzkur verkalýður á að eins að vera verkfæri, tæki til þess að brúka í viðleitni til þess að láta stórveldisdröma erlends einræðis-ríkis rætast. \*\*

## Tiluprjónar

Framh. af 5. síðu.

landshluta Danmerkur, að Borgundarhólmi undanskildum, að gerðu samkomulagi stórveldanna og ósk Dana sjálfra. Rússar lögðu hins vegar leið sína til Borgundarhólms að hinum stórveldunum, sem háðu styrjöldina gegn Þýzka-landi Hitlers, svo og Dönum, forn-spröðum. Komu þeirra til Borgundarhólms bar að með þeim hætti, að þeir gerðu grimmilegar loftárásir á eyjuna og öllu þar miklum spjöllum á mannríkjum, auk þess sem ótalinn mun fjöldi þeirra karla, kvenna og barna, sem létu þar líf sitt fyrir sprengjum þeirra. Þessu til viðbótar skal svo þess getið, að Rússar láta Dani greiða allar þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið á Borgundarhólmi að fyrirmælum þeirra, og binda þannig hinni dönsku þjóð þungan bagga.

Ummæli danskra blaða í tilefni af brottför Rússa frá Borgundarhólmi sanna, að tíðindi þessí verkja þjóðargleði í Danmörku og má af því ráða, hvaða hug Danir hafa borið til hins rússneska innrásarhers. Afstöðu Borgundarhólmsbúa til rússneska setulíðsins má best markja af því, að þeir flyktust brott frá eyjunni eftir komu þess, svo að lá við landauð. Er ástæða til að ætla, að Kristján konungur ynni glaður það embættisverk af hendi, að kveðja þá Rokossovski og Jakuschov og óska þeim fararheilla, er þeir halda brott úr ríki hans. En vissulega gerast Danir ósparir á kurteisina, þegar þeir láta svo um mælt, að Rússar hafi komið til Borgundarhólms sem vinir Dana og hverfi þaðan sem bandamenn þeirra. Þeim, sem kunn er forsaga þessa máls og gangur, mun að vonum finnast, að slík kurteis-orð séu blandin hinu danska háði, sem er högvært en hittið.

## LÍTIL FYRIRSPURN

Þjóðviljinn skal svo að lokum spurður, hvort hann telji, að Íran-búum þætti það ekki ómaksins vert að kveðja Rússa kurteislega, ef þeir hypjuðu sig brott úr ríki þeirra. Menn gleðjast jafnan, þegar illir gestir og óþódnir, halda brott og kveðja þá fúslega. Og vist er það skiljanlegt að þeim, sem haft hafa rússneska björninn við bæjardyri sínar, létti í skapi, þegar hann loksins leggur af stað heim á leið.

## Sendisveinn óskast.

Hátt kaup.

Talið við afgreiðslu Alpýðublaðsins. —

Sími 4900.

## Alpýðublaðið

## Barátta hans gegn fasismanum

(Framh. af 4. síðu.)

og ofurselt þýzku leynilög-eglunni. Einnig tók hann endurkosningu sem formaður flokks síns og virðist hafa lifað í þeirri trú, að uppljóstranir hans við hinn erlenda innrásarher væru einkamál hans og Gestapo, sem aldrei yrði gert heyrin kunnugt.

Kommúnistar í Danmörku og fylginautar þeirra hafa rætt mikið og ritað um þátt sinn í baráttunni gegn Þjóðverjum hernámsárin. Hlutdeild þeirra í frelsishreyfingu Dana hófst raunar ekki fyrr en eftir að Rússar urðu þátttakendur í styrjöldinni gegn Hitler gegn vilja sínum. Og upplýsingarnar um uppljóstranir leiðtoga þeirra við þýzku leynilög-egluna færa mönnum að sjálfsögðu heim sanninn um það, að barátta þeirra gegn innrásarhernum hafi verið meiri í orði eftir að, Danmörk varð aftur frjáls en á borði, meðan danska þjóðin bar enn ok hins þýzka hernáms á hálsi sínum.

Dönsku kommúnistarnir hafa haft mikinn áhuga fyrir „hreinuninni“ í Danmörku, og sennilega hefur þáttur Aksels Larsens verið mun meiri í þeirri herferð en baráttunni gegn Þjóðverjum sjálfum hernámsárin. Verður nú fróðlegt að fréttu, hversu strangt menn eins og Ole Kilerich, Mogens Fog og Alfred Jensen dæma at-hæfi Aksels Larsens, því að vissulega er sök hans meiri en margra þeirra, sem orðið hafa að una fangelsisvíst og harðrétti meðal annars að kröfu þessara manna og samtaka þeirra, er veita þeim að málum og krefjast þess, að engin miskunn sé sýnd varðandi „hreinunina“. Því að varla verður fram hjá því gengið, að siðferðisleg skylda Aksels Larsens við land sitt og þjóð hefði átt að vera meiri en margra annarra sem minna hafa státað af baráttu sinni.

En skyldi það ekki vera víðar en í Danmörku, sem barátta kommúnista gegn fasismanum hefur verið meiri í orði en á borði? Og skyldu ekki fleiri kommúnistaleiðtogar en Aksel Larsen hinn danski vera ólíklegir til að reynast landi sínu og þjóð dyggir og tryggir, þegar skyldan við frelsið og sjálfstæðið krefst athafa í stað orða?

## Hversvegna lveir sós ialistaflokkar?

Frh. af 5. síðu.

þjóðarinnar nema með því, að kosið sé í frjálsam kosningum til þings er setji lög, er allir skuli hlýða? Og hvernig á að komast að því, hver vilji meirihlutans er í þjóðmálum nema með því að viðhafa frjálsar kosningar til löggjafarsamkomu? Og verður sérhver minni hluti ekki að viðurkenna þann meirihluta, sem verður í frjálsam kosningum og þau lög er

hann setur, ef þau eru í samræmi við grundvallarreglur lýðræðisins og rétt minnihlutans, sem hvort tveggja ætti að vera tryggt í stjórnarskrá, þar sem alrggt lýðræði ríkti?

Lýðræðið er ekki aðeins fólgið í rétti þjóðarmeirihlutans til þess að ráða, heldur líka og ekki síður í rétti og ótakmörkuðu frelsi hvaða minnihluta sem er til þess að afla skoðunum sínum fylgis og reyna að afla þeim meirihluta, en slíkur réttur og slíkt frelsi verður ekki tryggt nema með lögum. Þess vegna verður ekki sagt að lýðræði í okkar skilningi sé ríkjandi í Rússlandi, og það er vitanlega rússneska „lýðræðið“, sem samninganeind Kommúnistaflokksins og síðar foringjar „Sósíalistaflokksins“ svokallaða telja sig fylgjandi, en því kalla þeir að þar sé um að ræða lýðræði, að þar sé landinu stjórnað af meirihluta þjóðarinnar. En hver veit um vilja rússnesku þjóðarinnar?

Síðan kommúnistar fengu þar völd 1917 hafa engar frjálsar leynilegar og almennar kosningar farið fram í landinu. Þó má það vel vera, og er meira að segja líklegt, að landinu sé stjórnað að vilja meirihluta þjóðarinnar, og samt er þar ekkert lýðræði, því að enginn minnihluti hefur rétt eða frelsi til þess að láta í ljós skoðanir sínar og afla þeim fylgis.

Því er það, að jafnvel þótt Kommúnistaflokkurinn víðurkenni rétt þjóðarmeirihlutans er hann alls ekki lýðræðissinn- aður, af því að hann neitar að starfa á grundvelli laga og þingræðis, því að án þess verður hvorki réttur þjóðarmeirihlutans tryggður né réttur minnihlutans til gagnrýni og til þess að afla skoðunum sínum fylgis, en hvort tveggja þetta eru hornsteinar lýðræðisins.

Nefnd Kommúnistaflokksins taldi hann fylgjandi hinni byltingarsinnuðu túlkun á marx- ismanum. Og skýringin á því, að þeir gátu ekki fallið á að sameinaður flokkur lýsti sig vinna á grundvelli laga og þingræðis er fólgin í þessari trú þeirra á byltingarleiðina.

Upp úr þeim sameiningartilraunum, sem hér hafa verið raktar, skipti Kommúnistaflokkurinn um nafn svo sem kunnugt er. En foringjar hans hafa æ síðan verið hinir sömu menn, sem töldu sig fylgjandi hinni byltingarsinnuðu túlkun árið 1938 og þeir hafa aldrei lýst því yfir, að þeir hafi skipt um skoðun. Það er því óhætt að fullyrða, að þeir eru enn fylgjandi byltingarsinnuðu túlkuninni, og fyrirlíti enn leið laga og þingræðis til framkvæmdar sósíalísmans. Hins vegar munu fæstir þeirra, sem svo vill til að hafa fylgt þeim undanfarið, haft þessa trú foringjanna og myndu alls ekki fylgja þeim, ef þeir gerðu sér grein fyrir því, hverjar afleiðingar þessi trú forustumanna hins afturgengna Kommúnistaflokks getur haft.

Í næstu grein verður þess getið, hver áhrif utanför Brynjólfs Bjarnasonar til Moskva hafði á sameiningar tilraunirnar.